

Sp. 424. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

varðandi 5 ára áætlunina um framkvæmdir í landinu.

Flm.: Ingvar Gislason, Ólafur Jóhannesson, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Gunnar Guðbjartsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að vera í ráðum með ríkisstjórninni við gerð fyrirhugaðrar 5 ára áætlunar um framkvæmdir í landinu.

Jafnframt ályktar þingið að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, skýrslu um það, er þegar hefur verið unnið að áætlun þessari, og niðurstöður, sem fyrir hendi kunna að vera.

Greinargerð.

Á fyrra hluta s. l. árs varð kunnugt af almennum blaðfréttum, að komnir væru til landsins norskir hagfræðingar á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að gera áætlun um framkvæmdir í landinu nokkur ár fram í tímann. Ekki hafði verið haft samráð við Alþingi um málið, en snemma á þingtímanum í vetur gerði Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, mál þetta að umræðuefni á Alþingi, og varð ljóst af orðum hans, sem raunar var á flestra vitorði, að unnið væri að fimm ára framkvæmdaáætlun á vegum ríkisstjórnarinnar, og af orðum annars ráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, sem blað hans, *Alþýðubl.*, hafði eftir honum hinn 26. okt. s. l., mátti ætla, að áætlunargerð þessari væri þá mjög langt komið, enda kveður blaðið ráðherrann hafa sagt, að framkvæmdaáætlunin mundi móta starf ríkisstjórnarinnar síðari helming kjörtímabils hennar og hér væri um mikið stórmál að ræða. Þessi ummæli viðskiptamálaráðherra urðu tæplega skilin á annan veg en þann, að byrjað yrði að framkvæma áætlunina á þessu ári, enda þá komið fram á síðari helming kjörtímabilsins.

Flestum mun hafa þótt tilhlýðilegt frá upphafi, að áætlun sem þessi væri birt almenningi og a. m. k. lögð fyrir Alþingi, áður en ríkisstjórnin tæki endanlega ákvörðun um framkvæmd hennar. Eins er sú skoðun bæði sanngjörn og eðlileg, að sérlega kjörnir fulltrúar Alþingis hefðu frá byrjun verið með í ráðum um undirbúning og samningu slíkrar áætlunar. Fyrir sjónum okkar flutningsmanna þessarar tillögu er framkvæmdaáætlunin í eðli sínu slíkt stórmál, eins og viðskiptamálaráðherra orðaði það, að hún verður tæplega gerð með réttu án fulls samráðs við Alþingi eða kjörna fulltrúa þess.

Fimm ára framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar bar seinast á góma á Alþingi hinn 15. febr. s. l. í sambandi við fyrirspurn nokkurra þingmanna Framsóknarflokksins um það, hvenær áætluninni lyki og hvort hún yrði lögð fyrir Alþingi og þá hvenær þess væri að vænta. Var af hálfu fyrirspyrjenda bent á það, sem áður hafði vitnast um málið, og hvaða ályktanir mátti af því draga.

Forsætisráðherra, Ólafur Thors, varð fyrir svörum af hálfu ríkisstjórnarinnar og kvað hann drög að áætlun þá liggja fyrir og væru þau til nánari athugunar hjá ríkisstjórninni. Þá lét forsætisráðherra svo um mælt, að enn væri mikið og vandasamt verk óunnið og tæki marga mánuði að ljúka því. Enn fremur sagði hann, að þegar ríkisstjórnin hefði gengið endanlega frá tillögum sínum, yrðu þær lagðar fyrir Alþingi, eftir því sem talið yrði við eiga og efni stæðu til.

Eftir þessum ummælum forsætisráðherra að dæma virðast næsta litlar líkur til þess, að orð viðskiptamálaráðherra fái rætt um það, að framkvæmdaáætlunin muni móta gerðir ríkisstjórnarinnar síðari helming kjörtímabilsins, þar sem enn er óunnið mikið og vandasamt verk, sem aðeins verður leyst á mörgum mánuðum. Hitt er þó jafngreinilegt, að drög liggja fyrir að áætluninni, en hversu víðtæk þau eru, verður ekki ráðið af ummælum forsætisráðherra. Þó er sennilegt, að af drögum þessum mætti greina, hvert stefnan liggur, og væri því ærið tilefni til þess að birta þau, þingmönnum og alþjóð til upplýsingar um málið.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru efnislega sammála ríkisstjórninni um nauðsyn framkvæmdaáætlunar nokkur ár fram í tímann, enda er það í fullu samræmi við stefnu Framsóknarflokksins, svo sem m. a. kemur fram í ályktunum miðstjórnar flokksins undanfarin ár. Jafnframt skal á það bent, að átta þingmenn Framsóknarflokksins fluttu á síðasta þingi (1960—61) tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar.

Hinu er þó ekki að leyna, að okkur gezt ekki alls kostar að málsmeðferð ríkis-

stjórnarinnar í sambandi við þá áætlunargerð, sem upplýst er, að hún hefur með höndum, og væntum við þess, að ríkisstjórnin sjái sig um hönd, að því er þetta atriði varðar, og leitist við að koma til móts við sanngjarnar óskir um breytta málsmeðferð, enda ærinn tími til stefnu, þar sem áætluninni er fjarri því að vera lokið. Ef þessi tillaga verður samþykkt, teljum við að verulegu leyti fullnægt því réttlæti um málsmeðferð, sem við hefðum óskað, að ríkisstjórnin hefði haft í huga frá byrjun, og lítum svo á, að með því verði betur tryggt, að tekið verði tillit til mismunandi sjónarmiða, sem kunna að vera fyrri hendi, m. a. að því er tekur til þarfa landsbyggðarinnar.